

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 149/2005

frá 2. desember 2005

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2005 frá 30. september 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 13/2004 frá 8. desember 2003 um samsetningu skrár yfir skipgengar vatnaleiðir sem liggja að sjó sem kveðið er á um í d-lið 3. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1108/70 ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Með reglugerð (EB) nr. 13/2004 er felld úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 281/71 ⁽³⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana brott.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

XIII. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti 3. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 281/71) falli brott.
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 3. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 281/71, sem er fallin brott):

„3a. **32004 R 0013:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 13/2004 frá 8. desember 2003 um samsetningu skrár yfir skipgengar vatnaleiðir sem liggja að sjó sem kveðið er á um í d-lið 3. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1108/70 (Stjtið. ESB L 3, 7.1.2004, bls. 3).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 13/2004, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 339, 22.12.2005, bls. 30 og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 66, 22.12.2005, bls. 17.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 3, 7.1.2004, bls. 3.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 33, 10.2.1971, bls. 11.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 3. desember 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.